



Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra
árin 2004-2007



Það er hlutverk stjórnvalda að móta almennan ramma um starfsemi fyrirtækja með það í huga að styrkja samkeppnisstöðu Íslands. Það er mikilvægt að löggjöfin sé áþekkt því sem almennt gerist í Evrópu enda erum við aðilar að innri markaði Evrópusambandsins. Þetta á ekki síst við um löggjöf á sviði fjármálamarkaðar og samkeppnisreglna.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi á síðustu árum og enn meiri breytingar eru í farvatninu. Þar munar mest um mikla aukningu í álframléiðslu. Það er því stutt í að útflutningstekjur okkar byggist á þrem nokkuð jöfnum stöðum, þ.e.a.s. áli og iðnaðarvöru, sjávarafurðum og loks þjónustugreinum tengdum flutningum, ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu. Þetta skiptir miklu máli fyrir þjóðarhag.

Auk þess að skapa almenn skilyrði hafa stjórnvöld beitt sér sérstaklega við uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Í þeim tilfellum er lítið til greina sem taldar eru eiga bjarta framtíð og byggja á nýrri þekkingu. Í þessu sambandi má nefna jafn ólíka þætti og kvikmyndagerð og líftækni. Við höfum lagt sérstaka áherslu á umhverfi kvikmyndagerðar og trúum því að árangur náist. Sá iðnaður verður sífellt umsvifameiri og skapar orðið miklar tekjur. Líftæknin hefur einnig notið skilnings og stuðnings ríkisvaldsins, enda talið að miklir möguleikar liggi á því sviði til framtíðar. Það er mikilvægt að stjórnvöld hlúi að nýjum greinum á mótunarskeiði. Þannig verður unnið hér eftir sem hingað til í ráðuneytunum og er hönnun gott dæmi um það.

Í þessum bæklingi eru kynnt þau markmið sem ég legg áherslu á næstu árin. Við höfum fengið staðfest í nýlegri alþjóðlegri skýrslu að samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs er í fremstu röð meðal auðugustu og framsæknustu þjóða heims. Á því sviði hefur okkur fleygt fram ár frá ári. Mikilvægt er að sókn okkar haldi áfram.

Valgerður Sverrisdóttir,
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra árin 2004-2007

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sett ráðuneytunum eftirfarandi fjögur markmið í starfsemi þeirra á tímabilinu 2004-2007:

- Að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands
- Að treysta búsetu á landsbyggðinni
- Að nýta auðlindir þjóðarinnar skynsamlega
- Að bæta leikreglur viðskiptalífsins

Fyrsta markmið:

Að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands

Nýsköpun er ein helsta forsenda þess að unnt sé að auka fjölbreytni og bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Hún byggist fyrst og fremst á getunni til að afla þekkingar og hagnýta sér hana. Í nýsköpun felst m.a. að til verði ný afurð, framleiðsluaðferð eða þjónusta. Ekki skiptir minna máli að nýsköpun getur átt sér ýmsar fleiri orsakir, eins og framsækna hönnun, menningarverðmæti, umbætur á innra skipulagi, breyttar markaðsaðstæður og fjölmargt annað. Á þetta hefur ráðherra lagt vaxandi áherslu í starfi sínu.

Með því að skipuleggja upp á nýtt opinberan stuðning við nýsköpun og tækniþróun í þágu atvinnulífsins og með stofnun Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarmiðstöðvar hafa orðið veigamiklar breytingar á þeim aðstæðum sem atvinnulífið býr við. Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki á frum- og þróunarstigi hefur aukist mjög. Markmiðið er að unnt verði að bjóða stuðning við verkefni allt frá því að viðskiptahugmynd kviknar og þar til hún er orðin að veruleika og markaðshæf í sinni fyrstu mynd og framtakssamir fjárfestar geta látið til sín taka við að leiða verkefnið til lykta.

Sífelld er fylgst með almennum starfsskilyrðum atvinnulífsins. Mikilvægt er að þau taki mið af örrí þróun alþjóðaviðskipta og stuðli að sem bestri samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.



Ráðherra hefur skilgreint eftirfarandi leiðir að því marki að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands:

- Rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins verði eflað. Fyrirtæki verði virkir þátttakendur í því starfi og hafi sama aðgang að þróunarfé úr opinberum samkeppnisjóðum og opinberir aðilar.
- Stuðningur við tækniþróun og nýsköpun verði sveigjanlegur svo að unnt sé að veita nýjum fræða- og atvinnugreinum eðlileg þróunarskilyrði. Það verði m.a. gert með markvissum tímabundnum áætlunum á tilteknum sviðum.
- Verkaskipting rannsóknastofnana verði endurskoðuð í því skyni að nýta fjármagn, þekkingu og aðstöðu betur en áður og til þess að ná meiri árangri á hinum alþjóðlega samkeppnismarkaði tækniþróunar og nýsköpunar. Liður í þessu verður að meta ávinning af því að rannsóknastofnanir, háskólar og atvinnulífið sameini krafta sína t.d. í tæknigörðum.
- Stuðningskerfi atvinnulífsins verði markvisst beitt þannig að til verði nýsköpunarklasar þar sem sérþekking sem myndast hefur í hópi fyrirtækja verði samhæfð og hagnýtt í þeim tilgangi að ná meiri árangri en áður í nýsköpun og sölu.
- Lögð verður aukin rækt við frumkvöðlafræðslu og fræðslu um stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja.
- Samstarf þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar í atvinnulífinu verður eflað og samhæft. Mikilvægt er að sem mest samræmi verði í þessari starfsemi til þess að sem bestur árangur náist.
- Hvetja á til þess að unnið verði af meiri krafti en áður að rannsóknum sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í atvinnulífinu. Í þeim tilgangi verða m.a. sett ný lög um uppfinningar starfsmanna.
- Íslensku vísindasamfélagi og atvinnulífi verði gert auðveldara og ódýrara fyrir að öðlast einkaleyfi fyrir uppfinningar sínar og tryggja og vernda rétt sinn í því sambandi. Því markmiði á m.a. að ná með aðild Íslands að Evrópska einkaleyfasáttmálanum og Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO). Einnig verður kynningar- og leiðbeiningarstarf Einkaleyfastofunnar eflað.
- Nauðsynlegar breytingar verði gerðar á hugverkarétti á sviði iðnaðar, þ.e. breytingar á löggjöf um einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. Þá verður unnið að breytingum á löggjöf um löggildingu starfsheita í tækni- og hönnunargreinum eftir því sem nauðsyn krefur.
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði eflaður til að geta betur mætt vaxandi eftirspurn eftir fjármagni til nýsköpunar í atvinnulífinu.
- Stuðlað verði að fjölgun kvenna í forystu íslenskra fyrirtækja, m.a. með hvatningu og umræðu. Hugað verði að því hvort rétt sé að setja reglur um þátttöku kynjanna í stjórnnum fyrirtækja.
- Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið verði upplýsingatæknin nýtt til að styrkja atvinnulífið, m.a. með samstarfsverkefnum hins opinbera og fyrirtækja.
- Komið verður á þjónustu sem efla á samstarf hönnuða og iðnfyrirtækja og stuðla að bættri hönnun íslenskra afurða. Starfseminni er einnig ætlað það hlutverk að koma íslenskri hönnun á framfæri hér á landi og erlendis.
- Beitt verður samræmdum aðgerðum til þess að jafna starfsskilyrði fyrirtækja á Norðurlöndum. Markmið þeirra aðgerða verði að afnema margskonar mismæmi og hindranir á milli Norðurlandanna er lúta að starfsskilyrðum atvinnulífsins.
- Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi verða endurskoðuð og áfram unnið að kynningu á sérkennum töku- staðarins Íslands.
- Unnið verður að breytingum á lögum um erlenda fjárfestingu hér á landi í því skyni að laða hér til meiri fjárfestingar en áður.

Annað markmið:

Að treysta búsetu á landsbyggðinni

Góður skriður er kominn á framkvæmd byggðaáætlunar 2002-2005. Einkunnarorð hennar eru: Þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar. Í því felst að grundvöllur byggðastefnunnar er sú eindregna skoðun að menntun, hátt almennt þekkingarstig og nýsköpun í atvinnulífinu séu meginstoðir varanlegrar búsetu á landsbyggðinni og forsenda efnahagslegra framfara og félagslegrar velferðar íbúanna.

Í stefnumótun sinni tekur ráðherra mið af þeim verkefnum sem skilgreind eru í byggðaáætluninni og fram komu á Alþingi. Lögð er áhersla á gott samstarf við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefna á málefnasviði þeirra, enda nær byggðaáætlunin til flestra þátta samfélagsins.

Fjölbreytt atvinnulíf skiptir sköpum fyrir byggðaðróunina. Ein meginforsenda þess er menntun á öllum skólastigum og verður sértök rækt lögð við fjarnám og starfsmenntun. Þá verður fyrirtækjum boðin aðstoð við að laga sig að hröðum breytingum í atvinnuháttum, m.a. við nýsköpun, þróun viðskiptahugmynda og endurbætur í rekstri sem aukið geta á fjölbreytni í starfsemi þeirra. Þessu markmiði á m.a. að ná með sérstökum stuðningsverkefnum sem taka á helstu þáttum er snerta starfsumhverfi fyrirtækja og eru til þess fallin að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Auk þessa verður áfram unnið að því að greiða götu fjárfesta sem áhuga hafa á því að byggja upp iðnað á landsbyggðinni, t.d. í tengslum við hagnýtingu innlendra orkugjafa.

Ráðherra hefur skilgreint eftirfarandi leiðir að því marki að treysta búsetu á landsbyggðinni:

- Lokið verður við gerð áætlunar um byggðaþróun við Eyjafjörð, gerð vaxtarsamnings og aðgerðaáætlun hrint í framkvæmd í samvinnu við heimamenn. Í samræmi við áætlunina verði lögð áhersla á uppbyggingu menntunar, á rannsóknir og þróunarstarf í þágu atvinnulífsins, uppbyggingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu og á ferðaþjónustu og matvælaíðnað.
- Leitað verði erlendra og innlendra fjárfesta sem áhuga hafa á að taka þátt í því að koma upp iðnaði á landsbyggðinni. Undirbúningsrannsóknir eru hafnar á Norðurlandi og síðan kemur að staðarvali. Einnig verður m.a. unnið að því að reisa álver á Norðurlandi, byggja rafskautaverksmiðju í Hvalfirði, stækka álver Norðuráls í Hvalfirði, byggja iðjuver í Helguvík, reisa polyólverksmiðju, koma upp kísilduftverksmiðju við Mývatn og kalkþörungavinnslu við Arnarfjörð.
- Lokið verður við gerð framkvæmdaáætlunar um byggðaþróun fyrir Vestfirði í samvinnu við heimamenn. Lagt verður kapp á að hrinda í framkvæmd atvinnuþróunarverkefnum sem byggjast á sérstöðu Vestfjarða og því sem þeir hafa að bjóða fram yfir aðra landshluta.
- Unnið verður að þróun fyrirtækjaklasa á Ísafirði og í nágrennabyggðum hans. Það er liður í því að styrkja atvinnulífið á Vestfjörðum og bæta samkeppnisstöðu þess.
- Kappkostað verður að byggja upp verk- og starfsnám og sérstaklega haft í huga að unnt verði að stunda nám í heimabyggð lengur en verið hefur.
- Í samvinnu við menntamálaráðherra verður áfram unnið að uppbyggingu háskólanámssetra á Ísafirði og Egilsstöðum. Almennt grunnnám fái þar forgang og að því verði stefnt að bjóða upp á fjölbreytt dreifnám sem veitir fullgild réttindi í samstarfi við háskólana.
- Stuðlað verður að því að háskólar og rannsóknastofnanir á landsbyggðinni geti stundað rannsóknir og tækniþróun á fræðasviðum sem sérstaklega eru til þess fallin að styrkja nýsköpun í atvinnulífi, sem hingað til hefur byggst á hefðbundnum sjávarútvegi og landbúnaði. Áfram verði unnið að því að koma á samstarfi um líftæknirannsóknir.
- Stuðningur við atvinnuþróun á landsbyggðinni verður aukinn. Starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri verði fest í sessi og henni komið fyrir í Rannsókn- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.
- Stoðkerfi nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni verður samhæft og gert markvissara.
- Efnt verður til öflugra stuðningsverkefna sem sniðin verða að þörfum frumkvöðla og nýsköpunar fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Konur á landsbyggðinni verða hvattar til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og þær studdar með ráðgjöf og námskeiðum til að reka lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Unnið verður að uppbyggingu rafrænnar þekkingarmiðlunar og þjónustu. Sú þekking og reynsla sem fæst af þróunarverkefni um rafrænt samfélag verður gerð öðrum sveitarfélögum aðgengileg.
- Menningartengd ferðaþjónusta sem byggist á sérkennum byggðalaganna verður eflid í samvinnu við samgönguráðuneyti.
- Stuðlað verður að sjálfbærri þróun atvinnulífsins í samvinnu við umhverfisráðuneyti, m.a. með því að styðja lítil sveitarfélög til þess að taka upp Staðardagskrá 21.
- Unnið verður að því að lækka flutningskostnað iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.
- Í samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki verða innviðir byggðarlaga á Austurlandi treystir eins og nauðsynlegt er vegna nýrra orku- og iðjuvera þar.
- Tekið verður mið af byggðasjónarmiðum við endurskipulagningu raforkufyrirtækja.
- Samin verður ný byggðaáætlun fyrir tímabilið 2006-2010. Hún verður að stofni til byggð á grunni núverandi áætlunar og m.a. lögð áhersla á að styrkja byggðakjarna sem skapar traustar forsendur fyrir varanlegri búsetu.

Þriðja markmið:

Að nýta auðlindir þjóðarinnar skynsamlega

Ísland býr yfir mikilli endurnýjanlegri orku. Aðeins lítil hluti hennar hefur verið nýttur þrátt fyrir að yfir 70% af þeirri frumorku sem þjóðin notar sé aflað úr endurnýjanlegum orkulindum. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í raforkuvinnslu er hið hæsta í heimi eða um 99,9%. Hluttur vatnsorku nemur um 84% en hluttur jarðhitans er um 15% og hefur vaxið hratt undanfarin ár. Til samanburðar hefur Evrópusambandið sett sér það markmið að hlutfall endurnýjanlegra orkulinda við raforkuframleiðslu verði 22% árið 2010.

Á síðustu 10 árum hefur raforkuframleiðsla með jarðhita fimmfaldast og mun aukast stórlega á næstu árum. Miklir möguleikar eru á að nýta hita frá jarðvarmaorkuverum til iðnaðarframleiðslu og er það eitt brýnasta verkefni næstu ára.

Á árinu 1999 hófst vinna við gerð Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið rammaáætlunarinnar er að meta og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, jafnt vatnsafls og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufer, náttúru og menningarminjar, svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Fyrsta áfanga rammaáætlunar lauk í árslok 2003. Vinna við annan áfanga áætlunarinnar er hafin og er að því stefnt að ljúka því verkefni árið 2008.

Allt bendir til þess að spurn eftir íslenskri orku stóruvaxi á næstu árum, bæði af umhverfisástæðum og vegna hækkandi orkuverðs og skattlagningar á orku erlendis. Uppbygging hagkvæmrar stóriðju mun því ráða hraða rannsókna og virkjunarframkvæmda á næstu einum til tveimur áratugum.

Ef horft er fram í tímann er gert ráð fyrir að framleiðsla og notkun vetnis muni setja svip sinn á íslenskt samfélag. Við búum við þær aðstæður sem fáar þjóðir njóta, að geta framleitt vetni með endurnýjanlegum orkulindum. Íslendingar hafa náð ákveðnu forskoti sem þeir þurfa að halda og auka. Jafnframt þarf að efla rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði til að treysta grunninn sem hér er fyrir hendi.

Ráðherra hefur skilgreint eftirfarandi leiðir að því marki að nýta auðlindir þjóðarinnar skynsamlega:

- Með nýjum raforkulögum hefur verið lagður grunnur að samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Ný tækifæri hafa skapast til hagnýtingar orkuauðlindanna og til eðlilegra viðskipta með orku sem mun gera hinum almenna raforkunotanda kleift að velja sér hagstæðustu kjör sem bjóðast við kaup á raforku.
- Útrás með þekkingu og reynslu af hagnýtingu orkuauðlindanna verður eflað, m.a. í tengslum við beina fjárfestingu í útlöndum, þjónustusölu, verktöku og þróunaraðstoð.
- Efla ber enn samstarf og samvinnu Íslands við aðrar þjóðir í sambandi við jarðhita til þess að tryggja að við höldum því forskoti sem við höfum á þessu sviði á alþjóðavettvangi.
- Stuðla ber að tvíhliða samningum við jarðhitaauðug ríki í Austur-Evrópu um samstarf á jarðhitasviði. Þá er nauðsynlegt að hafa samstarf við utanríkisráðuneyti um að efla þróunarhjálp með beinni aðstoð í jarðhitamálum, sem er í samræmi við niðurstöður fundarins í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun.
- Sett verða lög um hitaveitur. Einnig verða vatnalög endurskoðuð með það að leiðarljósi að stuðla að skynsamlegri nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.
- Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu verða endurskoðuð. M.a. verða settar nýjar reglur um veitingu rannsókna- og nýtingarleyfa sem taka til hverskonar ólífrænna jarðefna, kolvetna, grunnvatns, fallvatna o.fl. Þá verða einnig settar reglur um nýtingu jarðrænna auðlinda á hafsbotni.
- Unnið hefur verið að jarðahitaleit á köldum svæðum í sameiginlegu átaki iðnaðarráðuneytis, Orkuráðs og Byggingastofnunar. Hefur þessi vinna þegar skilað miklum árangri og er stefnt að því að festa átakið frekar í sessi.
- Stuðningur við stofnun nýrra hitaveitna verður aukinn.
- Unnið verður að endurskipulagningu raforkufyrirtækjanna m.t.t. eignarhalds ríkisins. Ríkið á Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, helmingshlut í Landsvirkjun og 15% hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Hlutverk ríkisins verður metið í ljósi samkeppnis- og einokunarstarfsemi fyrirtækjanna, með hliðsjón af byggða- og hagræðingarmöguleikum.
- Hafist verður handa við gerð annars áfanga Rammaáætlunar, enda eru niðurstöður fyrsta áfanga Rammaáætlunar einstakar að því leyti að aldrei fyrr hefur verið unnið svo skipulega að því að setja fram á hávísindalegan og þverfaglegan hátt upplýsingar um jafn marga virkjunarkosti.
- Unnið verður áfram að rannsóknum og þróun nýrra orkugjafa/orkubera sem geta komið í stað jarðefnaeldsneytis. Mótuð verður stefna í rannsóknum og tækniþróun er tengist hagnýtingu vetnis og nýsköpun í atvinnulífinu.
- Djúpboranir á háhitasvæðum Íslands eru nú áhugaverðustu rannsóknir á jarðhita landsins. Afla verður nýrrar þekkingar með rannsóknum á meira dýpi en unnt hefur verið að kanna fram til þessa. Leita verður eftir alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði, sem er nauðsynlegt til þess að af þessum borunum geti orðið.
- Vegna hugsanlegrar olíuvinnslu við Ísland verður áfram aflað þekkingar á setlögum innan lögsögu landsins sem geta hýst kolvetni.
- Mótuð verður stefna og settar reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar olíu á íslenska landgrunninu en aukinn áhugi er fyrir slíkum leyfum.

Fjórða markmið:

Að bæta leikreglur viðskiptalífsins

Viðskiptalífið hefur tekið gríðarlegum breytingum á síðustu árum. Fyrirtæki eru orðin öflugri og samkeppnishæfari en áður. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur einnig vakið mikla athygli. Segja má að íslenskt atvinnulíf sé sífellt að verða fjölbreyttara.

Tryggja þarf að umhverfi viðskiptalífsins sé skilvirkt en jafnframt sé þó neytendavernd í hvívetna höfð í heiðri. Lífskjör almennings og afkoma fyrirtækja byggist á heilbrigðri samkeppni um góða þjónustu, vöruúrval og lágt verð. Mikilvægt er að atvinnulífið lúti leikreglum sem örva samkeppni og hvetja um leið til hagræðingar og nýsköpunar. Þá þurfa neytendur að vera meðvitaðir um eigin réttindi.

Í því skyni að bæta þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki er nauðsynlegt að ríkið taki upp rafræn viðskipti og rafræna stjórnslu. Slíkt er til þess fallið að bæta samkeppnisstöðu landsins. Því þarf að búa rafrænum viðskiptum hagstætt lagalegt umhverfi. Einnig þarf að auðvelda almenningi aðgang að opinberum upplýsingum og gera opinbera stjórnslu gegnsærri en nú.

Ráðherra hefur skilgreint eftirfarandi leiðir að því marki að bæta leikreglur viðskiptalífsins:

- Leitast verður við að tryggja að lagaumgjörð sé með þeim hætti að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts. Hugað verður að leiðum til að efla samkeppni og draga úr samþjöppun.
- Stuðlað verði að breyttum stjórnarháttum fyrirtækja í því skyni að bæta skilvirkni þeirra, auka minnihlutavernd, hluthafalýðræði og upplýsingagjöf og efla traust almennings.
- Sjálfstæði eftirlitsstofnana verði ávallt tryggt. Í því felst að nauðsynlegar eftirlitsheimildir séu í lögum og fjárveitingar tryggi að þeim verði framfylgt.
- Aukin áhersla verði lögð á að efla neytendavitund meðal almennings.
- Lagt verður kapp á að breyta lagaumhverfi verðbréfamarkaðar og félagaréttar með hliðsjón af breytingum á innri markaði Evrópu. Áhersla verður lögð á styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd en nú tíðkast.
- Réttindi og skyldur fjármálfyrirtækja í bankaviðskiptum verða tekin til sérstakrar athugunar með það að markmiði að auka upplýsingar og efla neytendavernd.
- Neytendavernd verði eflað með löggjöf á váttryggingamarkaði, t.d. með lögum um váttryggingasamninga og váttryggingamiðlun.
- Gerðar verða viðbúnaðaráætlanir sem farið verður eftir ef upp koma erfiðleikar í fjármálakerfinu.
- Réttarstaða í viðskiptum verður treyst með nýrri löggjöf. Fyrningarlög verða endurskoðuð og sett verða skuldabréfalög.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir framgangi rafrænna viðskipta í atvinnulífinu með stuðningi og þátttöku í samstarfsverkefnum.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því á starfsvettvangi sínum að hvarvetna verði tekin upp rafræn stjórnsýsla í þeim tilgangi að auka þjónustu við almenning, tiltrú hans á íslensku stjórnsýslu og í því skyni að efla lýðræðið.



IÐNAÐAR- OG
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

www.ivr.is

2004